

Inflúensubólusetning starfsmanna 2020

Á Landspítala er mælt til þess að allir starfsmenn og nemar láti bólusetja sig gegn inflúensu, sem er þeim að kostnaðarlausu.

Þar sem því er við komið er óskað eftir að stjórnendur sjái til þess að starfsmenn séu bólusettir á sinni starfseiningu, annars fari fólk þangað sem hentar því best. Upplýsingar um pöntun bóluefnis og skráningar hafa verið sendar á alla deildarstjóra.

Starfsmannahjúkrunarfræðingar sjá einnig um bólusetningu samkvæmt eftirfarandi dagskrá:

Dagur	Tími	Staður
Föstudagur 9. október	12:00-13:00	Hringbraut, Almenn göngudeild 10E
Mánudagur 12. október	11:00-11:30	Landakot, Dagdeild L1, skoðunarst. fremst
Mánudagur 12. október	13:00-14:00	Fossvogur, Skáli 5
Þriðjudagur 13. október	10:30-11:00	Tunguháls, þvottahús, skrifstofa
Þriðjudagur 13. október	11:30-12:00	BUGL, Dalbraut
Þriðjudagur 13. október	13:30-14:30	Skaftahlíð 24, 1. hæð, Norðurhús
Miðvikudagur 14. október	09:00-10:00	Kleppur, kapella inn af matsal
Miðvikudagur 14. október	10:30-11:00	Rítaramiðstöð Kópavogi
Miðvikudagur 14. október	12:30-14:00	Hringbraut, Almenn göngudeild 10E
Fimmtudagur 15. október	13:00-14:00	Veirudeild Ármúla, 1. hæð
Föstudagur 16. október	10:00-11:00	Fossvogur, Skáli 5
Föstudagur 16. október	12:30-13:30	Hringbraut, Matsalur
Mánudagur 19. október	12:00-13:00	Skaftahlíð 24, Matsalur
Mánudagur 19. október	14:00-15:00	Fossvogur, Skáli 5
Þriðjudagur 20. október	13:00-14:00	Hringbraut, Matsalur
Miðvikudagur 21. október	12:30-13:30	Hringbraut, Eirberg

Bóluefni gegn inflúensu A og B hefur nú verið framleitt fyrir veturinn 2020-2021 samkvæmt ráðleggingum WHO. Bóluefnið, **Vaxigrip Tetra**, er fjörgilt og inniheldur vörn gegn inflúensu A(H1N1 og H3N2) og inflúensu B(2 villigerðum).

Ekki má nota **Vaxigrip Tetra** ef fólk er með ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (Natríumklóríð, kalíumklóríð, tvínatríumfosfattvíhýdrat, kalíumtvíhýdrógenófosfat og vatn fyrir stungulyf) eða einhverjum leifum sem gætu verið til staðar svo sem eggjum (eggjahvítu, kjúklingapróteinum), neómýsini, formaldehýði og októxýnóli-9. Fólk sem er veikt með háan hita eða bráða sýkingu á að fresta bólusetningu þar til bata er náð.